

SÝSLUMANNAFÉLAG ÍSLANDS

Alþingi  
Erindi nr. B 113/121  
komudagur 5/12 1990

Borgarnesi, 26. nóvember 1990

Allsherjarnefnd  
efri deildar Alþingis,  
b/t. Þórðar Bogasonar, nefndarritara,  
Alþingi v/Austurvöll,  
150 Reykjavík.

Stjórn Sýslumannafélags Íslands hefur haft til meðferðar bréf yðar, dags. 7. nóv. s.l., þar sem óskað er umsagnar félagsins um frumvarp til laga um meðferð opinberra mála, 98. mál.

Frumvarp þetta er samið, sem liður í þeirri heildarendurskoðun á dómstólakerfi landsins og réttarfarsreglum, sem grundvöllur hefur verið lagður að með lögum nr. 92, 1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sem taka eiga gildi 1. júlí 1992, eins og segir í athugasemdunum og á að koma í stað laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974. Frumvarpið er þannig aðlagð þeirri breyttu verkaskipan, sem lögfest er með aðskilnaðarlögunum, svo og þeim viðhorfum, sem ríkjandi eru á sviði opinbers réttarfars meðal menningarþjóða.

Frumvarpið var kynnt á síðasta aðalfundi Dómarafélags Íslands, sem haldinn var dagana 1. og 2. nóvember s.l., en þann fund sátu m.a. félagar Sýslumannafélagsins, einnig hafði dómsmálaráðuneytið sent félaginu frumvarpið til umsagnar. Í þeirri umsógn kom fram, að með rýmkaðri heimild lögreglustjóra til sektargerða, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, og ákærvaldi, sem þeim er fengið í hendur, væri líklegt að störf lögreglustjóra að opinberum málum minnkuðu ekki frá því sem nú er, en gera mætti ráð fyrir auknu vinnuhagræði af þeim breytingum.

Stjórnin telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, en leggur hins vegar áherslu á mikilvægi þess að vel takist til um framkvæmd laganna verði frumvarpið að lögum. Reynslan fær þá úr því skorið hvort lögin þjóna þeim markmiðum, sem höfundar þeirra gera ráð fyrir og fram koma í athugasemdum við frumvarpið, sbr. bls. 44 og 45 í liðum a) til c). T.d. verður reynslan að eyða efasemdum um kosti þess að færa lögreglustjórum handhöfn ákærvalds í tilteknum málaflokkum, þar sem hér er um algert nýmæli að ræða.


Eigi verður annað séð en samning þessa frumvarps sé vel af hendi leyst, þegar á heildina er lítið, og að textinn sé glöggur og skýr. Eindregið er

þó lagt til, að hugtakið rannsóknari, sem notað er í frumvarpinu yfir þann starfsmann lögreglu eða ákærvalds, sem rannsókn stýrir hverju sinni, verði ekki tekið upp í lagatextanum, heldur verði í þess stað aðallega notað gamla hugtakið lögregla og síðan eftir atvikum lögreglustjóri, handhafi ákærvalds o.s.frv., þótt nota mætti hugtakið rannsóknari í daglegu tali.

Að öðru leyti en að ofan getur, eru að svo komnu máli ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar,



Rúnar Guðjónsson, formaður.